

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1022

Dagsetning: 9. apríl 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP), Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Pálína Ásbjörnsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu HH, sat fundinn undir lið 6.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 2. apríl 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Starfsmannamál

Rætt var um ýmis starfsmannamál.

4. Geðheilbrigðisdagur HH

Umræða um hugmynd sem upp hefur komið um að halda geðheilbrigðisdag HH í haust. Framkvæmdastjórn tók vel í þær hugmyndir en lagði áherslu á að samþætta geðheilbrigðisdaginn Fræðadegi HH í nóvember og auka þar með áherslu á geðheilbrigðismál á Fræðadegi. Ákveðið var að ræða meira um Fræðadag í víðara samhengi á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

5. Húsnæðismál

Upplýst var um stöðu viðgerða á húsnæði Heilsugæslunnar Garðabæ. Ráðgert er að flytja starfsemina aftur inn í húsnæði stöðvarinnar snemma í maí en óvissa er með einhver aðföng til að það sé mögulegt. Ákveðið var að óska eftir fundi með stjórnendum sveitarfélagsins til að ræða heilsugæslumál í Garðabæ. Einnig var rætt um mögulegar breytingar á skrifstofurými í Álfabakka 16 til að ramma betur inn starfsemi skrifstofu HH. Þá var rætt um rými í Hraunbæ 15 þar sem Heilsugæslan Grafarvogi er hýst tímabundið. Nú stýttist í að hún flytji aftur í Spöngina og ákveða þarf hvort leigusamningur í Hraunbæ verður framlengdur. Ákveðið var að funda með stjórnendum Heilsugæslunnar Árbæ og Geðheilsuteymis taugaproskaraskana til að ræða nýtingu á rýminu.

6. Skjalavistunarkerfi

Pálína Ásbjörnsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu HH, kom á fundinn til að ræða verklag tengt skjalavistunarkerfi þegar erindi berast stofnuninni. Ákveðið var að Pálína stofni mál þegar erindin berast á almennt netfang HH og úthluti á starfsfólk sem ber ábyrgð á að svara.

7. Málefni vaktavinnufólks

Rætt var um launakjör starfsfólks Upplýsingamiðstöðvar HH sem tekur næturvaktir.

8. Skipulag á orlofi

Farið var yfir skipulag orlofs framkvæmdastjórnar í sumar og hvernig afleysingum verður háttað.

9. Erindi um ADHD-teymi

Rætt var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um bið eftir þjónustu Geðheilsuteymis ADHD fullorðinna. Teknar verða saman upplýsingar fyrir ráðuneytið, sem hefur boðað til fundar vegna málsins á mánudag.

10. Gestir í mötuneyti

Vinnulag í mötuneyti þegar gestum er boðið í mat kynnt fyrir framkvæmdastjórn.

11. Merkingar á heilsugæslustöðvum

Rætt um staðlaðar merkingar fyrir starfsstöðvar HH.

Önnur mál

12. Nefndarstörf

GUP upplýsti um að hún sé orðinn fulltrúi HH í vinnuhópi um nýja stefnu í áfengis- og vímuevörnum á vegum HRN. Hlutverk hópsins er að semja uppfærða heildarstefnu í áfengis- og vímuevörnum sem skal taka til forvarna, meðferðarúrræða, eftirfylgni, endurhæfingar og lagaumhverfis.

13. Starfsfólk í landsliðsverkefnum

Rætt um verklagsreglur þegar starfsfólk fer í landsliðsverkefni.

14. Gæðastjórnun og rafrænar lausnir

Rætt var um stöðu gæðamála og þróun rafrænna lausna.

Aðgerðir og verkefni

- Ræða þarf við undirbúningshóp vegna geðheilbrigðisdags og sameina hann að einhverju leyti undirbúningshópi fyrir Fræðadag, sjá lið 4.
Ábyrgð: GUP
- Óska þarf eftir fundi með stjórnendum Garðabæjar til að ræða málefni heilsugæslu í bænum, sjá lið 5.
Ábyrgð: HP

- Funda þarf með stjórnendum til að hægt sé að ákveða hvort leigusamningur í Hraunbæ verður endurnýjaður, sjá lið 5.
Ábyrgð: HP
- Ljúka þarf vinnu við útfærslu á launamálum vegna næturvakta starfsfólks
Upplýsingamiðstöðvar HH, sjá lið 7.
Ábyrgð: SKP og ASV
- Taka þarf saman upplýsingar um þjónustu ADHD-teymisins og funda í heilbrigðisráðuneytinu, sjá lið 9.
Ábyrgð: GUP og SDM
- Ljúka þarf vinnu við merkingar á starfsstöðvum, sjá lið 11.
Ábyrgð: HP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:50